

# DRÖG

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar.

1. gr.

3., 4. og 5. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar verða svohljóðandi:

Dreifiveita skal upplýsa notendur um að það sé forsenda viðskipta við dreifiveitu að þeir séu með gildan raforkusölusamning við sölfyrirtæki. Dreifiveitur skulu ávallt upplýsa nýja notendur um rétt þeirra til þess að velja sér sölfyrirtæki og rétt þeirra til að skipta um sölfyrirtæki. Við leiðbeiningarskyldu sína skal dreifiveita gæta jafnræðis í hvívetna og er henni óheimilt að vekja athygli notenda á einu sölfyrirtæki umfram annað. Jafnframt skal upplýst að ekkert gjald má taka fyrir söluaðilaskipti. Sé gildur raforkusölusamningur fyrir hendi fylgir hann notanda við notendaskipti, nema viðskiptavinur ákveði annað. Dreifiveita skal gefa notendum kost á að velja raforkusala við tilkynningu um notendaskipti, hvort sem er við tilkynningu með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti. Í því ferli skal dreifiveita gæta jafnræðis í hvívetna og er henni óheimilt að vekja athygli notenda á einu sölfyrirtæki umfram annað. Orkustofnun skal halda skrá yfir sölfyrirtæki sem dreifiveitur skulu vísa til í upplýsingagjöf sinni.

Sölfyrirtæki raforku skulu hafa raforkusölusamninga aðgengilega á vefsíðu sinni. Raforkusölusamning við almenna notendur skal staðfesta með rafrænum skilríkjum. Jafnframt skal bjóða almennum notendum að staðfesta raforkusölusamning með undirskrift, óski þeir þess. Greiðsla reiknings, ein og sér, felur ekki í sér að raforkusölusamningi hafi verið komið á milli almenns notanda og sölfyrirtækis. Sölfyrirtæki raforku skal skila yfirliti yfir staðfesta raforkusölusamninga til Orkustofnunar sé eftir því óskað. Stórnotandi og sölfyrirtæki skulu ávallt gera með sér formlegan skriflegan samning um raforkuviðskipti.

Komi upp þær aðstæður að almennur notandi hefur ekki gert raforkusölusamning við sölfyrirtæki, viðkomandi er ekki með gildan raforkusölusamning við notendaskipti, sbr. 3. mgr., en er engu að síður með virka neysluveitu, ber dreifiveitu að setja hann í viðskipti við það sölfyrirtæki sem Orkustofnun hefur valið til að vera söluaðili til þrautavara. Starfandi sölfyrirtæki raforku bera á hverjum tíma þá skyldu að vera söluaðili til þrautavara og deila jafnt með sér þeirri ábyrgð sem því fylgir í samræmi við leiðbeinandi reglur sem Orkustofnun setur. Skylda sölfyrirtækis til að vera söluaðili til þrautavara samkvæmt málsgrein þessari skal skiptast jafnt á milli sölfyrirtækja eftir ákveðnum tímabilum, samkvæmt nánari útfærslu Orkustofnunar. Sölfyrirtæki sem er söluaðili til þrautavara skal gera raforkusölusamning við almennan notanda sem kemur þannig í viðskipti við sölfyrirtækið innan mánaðar frá því að viðskiptavinurinn er settur í viðskipti við sölfyrirtæki til þrautavara. Sé viðskiptavinur með raforkusölusamning við fleiri en einn raforkusala ber honum við notendaskipti að tilkynna hvaða söluaðili á að fylgja notendaskiptunum. Að öðrum kosti fer með slík notendaskipti í samræmi við málsgrein þessa.

2. gr.

3. másl. 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Þjónustuveitandi raforku skal tryggja notendum raffanga sem aðgengileg eru almenningi, fyrirvaralausan aðgang að raffangi, svo sem með því að bjóða upp á þann möguleika að hægt sé að nýta raffangið án þess að gera formlegan samning við hlutaðeigandi þjónustuveitanda.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 3. mgr. 20. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. ágúst 2021.*  
F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,